JÓN GNARR ER
SKUGGA SVEINN
Frumsýnt í febrúar 2022
Leikfélag Akureyrar

ÁVARP

Síðastliðin sex ár hef ég fengið að vera hluti af sögu Leikfélags Akureyar, einnar af merkari menningarstofnunum landsins. Það eru forréttindi að fylgjast með nýjum kynslóðum listafólks stíga á svið og sjá listræna hæfileika þeirra blómstra. Eins er hrein unun að sjá reyndara listafólk sýna hæfileika sína á fjölum leikhússins og fleyta sýningum í hæstu hæðir. Hjá LA sér leikhússtjórinn Marta Nordal til þess að það sé valinn maður í hverju rúmi og einkenna atvinnumennska, metnaður og fagleg vinnubrögð leikhússtjórnartíð Mörtu sem hefur fágaða listræna sýn og ástríðu fyrir leikhúsinu. Þessi ástríða smitar út frá sér og verður til þess að allir sem vinna með henni leggja sig alla fram í verkefnum sínum. Það er því ekki að undra að útkoman verður glæsileg í hvert sinn og er Skugga Sveinn þar engin undantekning. Það eru mörg tækifæri fólgin í því að líta til menningararfsins og þeirra hugsjóna sem komið hafa okkur á þann stað sem við erum á í dag.

Á undanförnum árum hefur menningarlíf á Akureyri blómstrað sem aldrei fyrr og mikilvægt að hér á svæðinu sé stunduð atvinnumennska í menningarframleiðslu sem myndar mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Til þess að efla skapandi greinar og listir hér enn frekar tel ég að Akureyrarbær ætti að sækjast eftir því að verða Menningarhöfðuborg Evrópu. Búið er að undirbúa jarðveginn með glæsilegum innviðum og gróskumiklu menningarstarfi. Með því að stefna að því að verða Menningarhöfuðborg Evrópu færum við aukinn kraft og framþróun inn í menningarlífið á Akureyri. Markmiðið í sjálfu sér yrði lyftistöng fyrir menningarlífið í landinu, en reynsla annarra borga segir að fjárfestingar á svæðinu aukist í kjölfarið og að innviðir styrkist.

Ég hlakka til að fylgjast með Leikfélagi Akureyrar og Menningarfélagi Akureyrar í öllum sínum áskorunum og ævintýrum framtíðarinnar. Félagið er í góðum höndum öflugs starfshóps sem erfitt verður að kveðja. Ég vil nota tækifærið og þakka kærlega fyrir mig.

Þuríður Helga Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar

LEIKARAR

Skugga Sveinn	Jón Gnarr
Lárensíus sýslumaður	Björgvin Franz Gíslason
Ásta	Þórdís Björk Þorfinnsdóttir
Grasa Gudda	Sunna Borg
Ögmundur	María Pálsdóttir
Haraldur	Árni Beinteinn
Ketill skrækur	Vilhjálmur B. Bragason
Gvendur	Vala Fannell

LEIKARAR

JÓN GNARR

Jón Gnarr á langan feril að baki í sviðslistum bæði sem höfundur, leikari og leikstjóri. Hann hefur einnig leikið í fjölda sjónvarpsþátta á borð við Fóstbræður, þar sem hann var einn höfunda, að ógleymdum Nætur-, Dag- og Fangavaktinni þar sem hann gerði Georg Bjarnfreðarson ógleymanlegan. Jón hefur leikið í fjölda kvikmynda eins og Kona fer í stríð, Þorsti, Gullregn, Íslenski draumurinn og Maður eins og ég, til að nefna einhverjar. Hann hefur fengið fjölda tilnefninga, verðlauna og viðurkenninga fyrir störf sín. Hann var valinn Leikari ársins á Edduverðlaununum 2001 og 2010 og hlaut tilnefningu til Grímuverðlauna fyrir leikritið SÚPER sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu 2019.

Jón hefur einnig látið til sín taka í stjórnmálum og var borgarstjóri í Reykjavík fyrir hönd Besta flokksins 2010-2014 og hlaut friðarverðlaun Yoko Ono fyrir störf í þágu mannréttinda árið 2014. Árið áður var hann valinn Húmanisti ársins hjá Siðmennt. Hann hefur einnig samið fjölda laga í samstarfi við Sigurjón Kjartanson, bæði í útvarpsþættinum Tvíhöfða sem hóf göngu sína 1996, og í Fóstbræðrum. Auk þess hefur hann skrifað margar bækur.

Jón er með MFA-gráðu í sviðslistum frá Listaháskóla Íslands. Hann hefur samið og leikið fyrir bæði Borgar- og Þjóðleikhúsið en stígur nú í fyrsta sinn á svið fyrir Leikfélag Akureyrar í hlutverki sjálfs Skugga Sveins.

BJÖRGVIN FRANZ

Björgvin Franz Gíslason útskrifaðist úr Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2001 með BFA í leiklist. Sama vor landaði hann titilhlutverkinu í söngleiknum Hedwig og Reiða restin hjá Leikfélagi Íslands og ári síðar hlutverki Benedikts búálfs hjá Draumasmiðjunni. Frá 2002 til 2006 starfaði Björgvin hjá Þjóðleikhúsinu og lék meðal annars í sýningunum Halti Billi, Allir á svið, Dýrin í Hálsaskógi og Ríkharður III. Árið 2011 lék hann svo í söngleiknum Buddy Holly hjá Senu. Hann starfaði um árabil sem veislustjóri, kynnir, töframaður og eftirherma fyrir hin ýmsu fyrirtæki, skóla og bæjarhátíðir víðsvegar um landið. Hann skrifaði og lék í Jólaævintýri Smáralindar þrjú ár í röð ásamt Erni Árnasyni og Sigríði Beinteinsdóttur. Björgvin var einnig fastráðinn hjá Stúdíó Sýrlandi um árabil við að talsetja teiknimyndir, ásamt því að vera þýðandi og að kenna talsetningu. Árið 2008 tók hann við sem umsjónarmaður Stundarinnar okkar og var samfellt í þrjá vetur, eða fram á vorið 2011 þegar Stundin vann Edduna fyrir besta barnaefnið. Björgvin tók til starfa hjá Borgarleikhúsinu árið 2017 og frumsýndi söngleikinn Elly það sama ár. Árið 2018 tók hann svo við barnasýningunni Jólaflækja, sem Bergur Ingólfsson skrifaði og leikstýrði. Árið eftir lék hann svo hina illgjörnu skólastýru í Matthildi. Björgvin þreytti svo frumraun sína sem leikskáld og leikstjóri í barnaleiksýningunni Flóttinn frá Nótnaheimum, sem hann skrifaði ásamt Ólafi Reyni Guðmundssyni haustið 2018. Björgvin þreytti frumraun sína hjá Leikfélagi Akureyrar í mars 2021 er hann lèk hlutverk Aðalsteins álfakonungs í ævintýrinu um Benedikt Búálf. Björgvin er nú mættur aftur til starfa en nú sem Làrensíus sýslumaður.

ÞÓRDÍS BJÖRK

Þórdís Björk Þorfinnsdóttir útskrifaðist af leikarabraut Listaháskóla Íslands vorið 2019. Ferill hennar hófst snemma og tók hún þátt í hinum ýmsu uppfærslum á sínum yngri árum, m.a. í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Þá hefur hún starfað við tónlist sem söngkona, m.a. sem meðlimur í hljómsveitinni Reykjavíkurdætur en þær hafa komið fram á stærstu tónlistarhátíðum heims undanfarin ár. Þórdís hefur talað inn á fjöldann allan af teiknimyndum og barnaefni og lék meðal annars Önnu í Frozen I og II og Poppy í Trolls. Auk þess hefur hún lesið hljóðbækur hjá Storytel og fengið Íslensku hljóðbókarverðlaunin fyrir lestur sinn. Hún fór með hlutverk Wendlu í Söngleiknum Vorið vaknar hjá Leikfélagi Akureyrar, sem var sett upp árið 2020, og hlutverk Dídíar mannabarns í söngleiknum Benedikt búálfur sem LA sýndi á síðasta leikári. Í Skugga Sveini fer Þórdís Björk með hlutverk Ástu.

SUNNA BORG

MARÍA PÁLS

Sunna Borg útskrifaðist frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins árið 1970 og lék þar um hríð að námi loknu, ásamt því að leika í kvikmyndum og sjónvarpi. Sunna stundaði framhaldsnám í leiklist við Georgíuháskóla í Bandaríkjunum 1972 og hjá Actors Center í Lundúnum 1985. Sunna var fastráðin leikkona hjá Leikfélagi Akureyrar árin 1979-2002. Hún sagði upp föstum samningi sínum og sneri sér að öðru. Hún leikstýrði nokkrum sýningum hjá LA og hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Það yrði of langt mál að telja upp öll þau hlutverk sem Sunna hefur leikið hjá Leikfélagi Akureyarar í gegnum tíðina en hér eru nokkur eftirminnileg: Frú Alving í Afturgöngum Henriks Ibsen, sjö hlutverk í Bar-Par eftir Jim Cartwright, Poncia í Húsi Bernhörðu Alba, Sigrún Ástrós eftir Willy Russel, Geirþrúður Danadrottning í Hamlet eftir Shakespeare, Lísu í Lísu og Lísu eftir Amy Conroy og Fröken Furnival í Svörtu kómedíunni eftir Peter Shaffer. Á síðasta ári flutti Sunna ljóðabálkinn Bergljótu eftir Björnstjerne Björnsson undir píanóundirleik Alexanders Edelstein í Hlíðarbæ. Sunna snýr nú til baka á svið LA í hlutverki Grasa Guddu.

María Pálsdóttir er Eyfirðingur sem útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands 1999, debúteraði hjá Leikfélagi Akureyrar í Klukkustrengjum eftir Jökul Jakobsson, fór til Finnlands í mastersnám í leiklist 2000-2001 og lék svo aftur með Leikfélagi Akureyrar í verkefnum vetrarins 2001-2002. Hefur leikið í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu, Hafnarfjarðarleikhúsinu og með sjálfstæðum leikhópum, stofnað tvo leikhópa; norræna leikhópinn Subfrau og Pörupilta, skrifað, leikið og framleitt sýningar með báðum hópum. Hún lauk kennaraprófi frá KHÍ 2003 og leiðsögumannanámi frá EHÍ 2014. María er skólastjóri Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar og stofnaði og rekur HÆLIÐ, setur um sögu berklanna á Kristnesi.

ÁRNI BEINTEINN

Árni Beinteinn útskrifaðist úr leiklistarnámi við Listaháskóla Íslands árið 2018. Hann hóf leikferil sinn tíu ára og fyrir fimmtán ára aldur hafði hann leikið í sjö leiksýningum á stóra sviði atvinnuleikhúsanna. Meðal stærri hlutverka hans sem barn má nefna Putta litla í hinum ástsæla ævintýrasöngleik Skilaboðaskjóðunni í Þjóðleikhúsinu og einn úr systkinahópi Von Trapp-fjölskyldunnar í Söngvaseið (Sound of Music) í Borgarleikhúsinu árið 2010. Sem barn lék Árni einnig í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og útvarpsleikritum, söng inn á plötur, talsetti teiknimyndir og kom reglulega fram í sjónvarpinu.

Undanfarin ár hefur Árni Beinteinn leikið í fjölbreyttum uppfærslum og verkefnum. Hinn vinsæli fjölskylduleikhópur Lotta fékk Árna til liðs við sig strax eftir útskrift og lék hann á stuttum tíma yfir 100 sýningar með hópnum. Þar fór hann meðal annars með hlutverk úlfsins í söngleiknum Rauðhettu í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Árni Beinteinn hefur leikið í síðustu fimm uppsetningum Leikfélags Akureyrar, til dæmis í stórsöngleiknum Vorið vaknar og grínsýningunni Fullorðin, sem tekin verður aftur til sýninga í Þjóðleikhúskjallaranum nú í vor. Síðasta hlutverk hans var Benedikt búálfur í samnefndum söngleik sem sló í gegn á síðasta leikári.

Samhliða vinnu sinni í leikhúsinu er Árni Beinteinn eftirsóttur hljóðbókalesari og hefur frá árinu 2018 lesið inn yfir fimmtíu barna- og unglingabækur fyrir ýmsar veitur, meðal annars Storytel. Auk þess hefur Árni Beinteinn talað inn á fjöldann allan af teiknimyndum síðustu ár, bæði sjónvarpsþætti og bíómyndir. Árni Beinteinn starfar einnig við markaðssetningu, leikstjórn og framleiðslu myndbanda. Hann hefur víðtæka þekkingu og reynslu á þeim vettvangi og hefur unnið fleiri hundruð verkefni af fjölbreyttum toga í samstarfi við fjölmörg fyrirtæki og listamenn. Þá hefur hann nýlega hafið störf hjá RÚV sem sjónvarps- og dagskrárgerðarmaður og verður reglulegur gestur á skjám landsmanna á næstunni.

VILJÁLMUR B. BRAGASON

Vilhjálmur B. Bragason útskrifaðist með MA–gráðu af sviðshöfundabraut Royal Academy of Dramatic Arts í London vorið 2015, með áherslu á leikritun og leik. Vilhjálmur hefur komið víða við sem leikari og leikið í verkum á borð við Galdragáttina, Söngvaseið og Blessuð jólin hjá Leikfélagi Akureyrar, Beyond the Cringe í Ambassadors Theatre, Art of Procrastination í Bloomsbury Theatre, Útför – sögu ambáttar og skattsvikara víða um land og í Framhjá rauða húsinu og niður stigann á Akureyri og í Reykjavík. Sem stofnmeðlimur í Umskiptingum hefur Vilhjálmur leikið í og komið að því að skrifa tvö verk með hópnum sem bæði hlutu tilnefningar til Grímunnar. Vilhjálmur er einnig skemmtikraftur og tónlistarmaður og sem slíkur annar helmingur Vandræðaskálda. Auk þess að skrifa fjölda verka með öðrum, nú síðast Tæringu og Fullorðin fyrir LA, hefur leikskáldið Vilhjálmur skrifað fjögur leikrit í fullri lengd og hlotið nýræktarstyrk miðstöðvar íslenskra bókmennta. Þá hefur Vilhjálmur þýtt og aðlagað verk eftir aðra, t.a.m. Sjeikspír eins og hann leggur sig fyrir Leikfélag Akureyrar. Í Skugga Sveini fer Vilhjálmur með hlutverk Ketils skræks og semur einnig nýja söngtexta fyrir sýninguna.

VALA FANNELL

Vala Fannell lærði bæði leiklist og leikstjórn í The Kogan Academy of Dramatic Arts í London frá árunum 2009-2014. Eftir útskrift lék hún í ýmsum uppfærslum í London, þar á meðal Hello from Bertha eftir Tennessee Williams, Þrjár systur eftir Chekhov og Moments eftir Starra Hauksson, ásamt talsetningum, leikstjórn og eigin framleiðslu. Hún tók einnig að sér kennslu hjá KADA þar sem hún kenndi bæði leiklist og leikstjórn til BA–gráðu í fjögur ár. Árið 2018 fluttist hún aftur til Íslands og lék þar fyrst í Skjaldmeyjum hafsins, sem var samstarf LA og leikhópsins Artik. Sumarið 2019 vann hún ásamt leikhópi og leikstýrði glænýju verki um líf unglinga, fml - fokk mæ læf, hjá Leikfélagi Akureyrar. Fljótlega eftir það hóf hún störf hjá Menntaskólanum á Akureyri sem verkefnastjóri sviðslistabrautar þar sem hún sá um uppbyggingu nýrrar kjörsviðsbrautar sem hún hóf kennslu við haustið 2020 og kennir enn við. Síðasta vetur leikstýrði hún síðan fjölskyldusöngleiknum Benedikt búálfur hjá LA, sem var frumsýndur í byrjun mars 2021.

LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

HÖFUNDUR

MATTHÍAS JOCHUMSSON

Þjóðskáldið **Matthías Jochumsson** fæddist í Skógum í Þorskafirði 11. nóvember árið 1835. Hann samdi Útilegumennina árið 1862, þá 27 ára nemandi í Lærða skólanum í Reykjavík. Árið 1898 breytti hann nafninu í Skugga Sveinn. Varla hefur nokkurt íslenskt leikrit verið leikið oftar hér á landi, mörgum kynslóðum til óblandinnar ánægju og fá verk verðskulda betur að teljast til sígildra íslenskra bókmennta.

Skugga Sveinn var hans fyrsta leikrit. Um tilurð þess sagði hann: „Ég bjó til eða sullaði eða skrúfaði saman leikrit í jólafríinu. Það heitir Útilegumennirnir og er í fjórum þáttum með ljóðmælarusli, hér og þar. Mér leiddist þessi danska „kommidia“ sem griðkonur hérna segja, og tók mig því til, og þó þetta rit mitt í raun og veru sé ómerkilegt, gjörði það þó hvínandi lukku; ég var æptur fram á scenuna, og klappaði pöbullinn yfir mér, svo ég varð áttavilltur.“

Matthías útskrifaðist sem prestur árið 1867 en sagði sig frá embætti eftir að hafa misst tvær eiginkonur með skömmu millibili. Hann var ritstjóri Þjóðólfs í sex ár en snéri sér svo aftur að prestskap, fyrst í Odda á Rangárvöllum og síðan á Akureyri. Matthías var eitt helsta skáld síns tíma og eftir hann er meðal annars Lofsöngur, sálmurinn við þjóðsöng Íslendinga. Síðasta hluta ævinnar bjó hann í Sigurhæðum á Akureyri en húsið lét hann reisa sjálfur. Matthías lést árið 1920.

HÖFUNDUR TÓNLISTAR OG TÓNLISTARSTJÓRN

SÆVAR JÓHANNSSON

Tónskáldið og píanistinn **Sævar Jóhannsson** útskrifaðist síðastliðið sumar með BA-próf í Tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands. Sævar hefur gefið út þrjár plötur undir listamannsnafninu „S.hel“, þ.á m. samstarfsplötuna „RAMMI“ með raftónlistarmanninum Mikael Lind og sólóplötuna „Disconnect“, sem Sævar samdi um einmanaleika, en þar veltir hann mikið fyrir sér tengingu okkar við fólk og staði. Í þokkabót gaf hann út fimm myndbönd um efnið í samstarfi við leikkonuna og leikstjórann Rakel Ýr Stefánsdóttur.

Fjórða platan hans, „Whenever You're Ready“, verður gefin út 12. apríl og verður sú fyrsta sem hann gefur út undir eigin nafni.

Sævar hefur tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum og samið fyrir dansverk, stuttmyndir og leikhús. Þar er vert að nefna tónlistina sem hann gerði fyrir uppfærslu á „Mutter Courage" eftir Bertolt Brecht í leikstjórn Mörtu Nordal, sem var samstarfsverkefni MAk, LHÍ og Þjóðleikhússins. Tvö lög úr þeirri sýningu voru síðan einnig notuð sem opnunaratriði Grímunnar 2019.

Sævar tók einnig þátt í stofnun hljómsveitarinnar Korda Samfónía sem samanstendur af nemendum úr LHÍ, hljóðfæraleikurum úr Sinfó og skjólstæðingum úr endurhæfingarstöðvum. Sveitin hélt tónleika í Hörpu í maí síðastliðnum.

LEIKSTJÓRI

MARTA NORDAL

Marta Nordal tók við sem leikhússtjóri LA vorið 2018. Marta hefur starfað sem leikkona hjá Leikfélagi Akureyrar, Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu en undanfarin ár hefur hún einbeitt sér að leikstjórn. Hún stofnaði leikhópinn Aldrei óstelandi árið 2010, ásamt Eddu Björgu Eyjólfsdóttur. Hópurinn hefur framleitt sýningar á borð við Fjalla-Eyvind, Lúkas, Ofsa og Natan. Auk þess hefur Marta leikstýrt fjölda verka fyrir útvarp. Hún leikstýrði söngleiknum Rocky Horror, sem sýndur var í Borgarleikhúsinu, og Kabarett, sem sýndur var í Samkomuhúsinu á síðasta leikári. Marta er með MBA–gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og BA–gráðu í leiklist frá The Bristol Old Vic Theatre School. Hún hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa innan sviðslista, en hún sat meðal annars um langt skeið í stjórn Leikfélags Reykjavíkur og í stjórn Íslenska dansflokksins, auk þess sem hún var forseti Sviðslistasambands Íslands 2013–2017. Marta leikstýrði söngleiknum Vorið vaknar hjá Leikfélagi Akureyrar árið 2020 og Mutter Courage, sem var samstarf LA, LHÍ og Þjóðleikhússins, árið áður.

LEIKMYND

ANDRÚM ARKITEKTAR

BÚNINGAR

BJÖRG MARTA

Andrúm arkitektar starfa á breiðu sviði hönnunar, en hafa síðustu ár einkum sótt sín verkefni í arkitekta-samkeppnir. Margar verðlaunatillögur stofunnar hafa orðið að fullunnum verkefnum, og má þar nefna nýleg verkefni á borð við Veröld - hús Vigdísar, viðbyggingu við Gamla Garð og Grósku hugmyndahús í Vatnsmýri, og nú á árinu 2022 hefst hönnun á leikskólanum Undrabrekku á Seltjarnarnesi. www.andrum.is

Björg Marta Gunnarsdóttir hefur áður unnið að sýningum fyrir Leikfélag Akureyrar. Hún var til að mynda aðstoðar-búningahönnuður í Vorið vaknar og Lísu í Undralandi. Þá kom hún einnig að hönnun búninga í Kabarett, Mutter Courage og Svörtum ketti. Björg Marta lærði fatahönnun í Antwerpen og Barcelona og útskrifaðist frá IED í Barcelona. Þá starf-aði hún í tvö ár sem aðstoðarhönnuður hjá John Rocha í Dublin. Eftir heimkomu til Íslands hefur Björg, eins og fyrr segir, komið að búningahönnun fyrir leikhús ásamt því að vinna að eigin list.

LJÓSAHÖNNUN

ÓLAFUR ÁGÚST

HLJÓÐMYND

GUNNAR SIGURBJÖRNSSON

Ólafur Ágúst Stefánsson er starfandi ljósahönnuður hjá Menningarfélagi Akureyrar og Þjóðleikhúsinu og fyrir sjálfstæða leikhópa.

Hann lærði ljósahönnun hjá Lárusi Björnssyni og hefur hannað lýsingu fyrir hátt í 70 leiksýningar, mest í Þjóðleikhúsinu en einnig fyrir sjálfstæða leikhópa, Þjóðleikhús Grænlendinga og Leikfélag Akureyrar.

Ólafur fékk Grímuna–íslensku leiklistarverðlaunin vorið 2020 fyrir ljósahönnun í Atómstöðinni. Hann hefur einnig verið tilnefndur til sömu verðlauna fyrir Hauk og Lilju, Vesalingana, Fyrirheitna landið, Hleyptu þeim rétta inn og Horft frá brúnni. Einnig hlaut hann tilnefningu til menningarverðlauna DV fyrir Horft frá brúnni.

Gunnar Sigurbjörnsson hefur komið að fjölda sýninga Leikfélags Akureyrar allt frá 1986. Meðal þeirra eru Kabarett, Óvitar, Fló á skinni, Litla hryllingsbúðin, Rocky Horror, 39 þrep, Gulleyjan, Öldin okkar og Kvenfólk í flutningi Hunds í óskilum. Sýningar sem Gunnar hefur unnið fyrir Leikfélag Reykjavíkur eru Mýs og menn, Bastarðar, Jeppi á fjalli, Billy Elliot, Mamma Mia, Rocky Horror og 9 Líf.

LIST-
RÆNIR
STJÓRN-
ENDUR

Höfundur	Matthías Jochumsson
Tónsmíði og tónlistarútsetningar	Sævar Helgi Jóhannsson
Leikgerð	Marta Nordal og leikhópurinn
Söngtextar	Matthías Jochumsson og Vilhjálmur B. Bragason
Leikstjórn	Marta Nordal
Leikmynd	Andrúm arkitektar
Leiktjöld	eftirprentun, Sigurður Guðmundsson málari
Búningar	Björg Marta Gunnarsdóttir
Ljósahönnuður	Ólafur Ágúst Stefánsson
Hljóðhönnuður	Gunnar Sigurbjörnsson
Sviðshreyfingar	Guðný Ósk Karlsdóttir og Marta Nordal
Sýningastjóri	Þórunn Geirsdóttir
Aðstoðarsýningastjóri	Guðný Ósk Karlsdóttir
Hár og gervi	Harpa Birgisdóttir
Sviðsstjóri	Jasmína Woyjtola
Uppsetning leikmyndar	Einar Rúnarsson, Jasmina Wojtyla og Charles Guanci
Sviðsmaður á sýningum	Charles Guanci
Smíði stærri leikmuna	B. Hreiðarssynir
Hár og smink á sýningum	Harpa Birgisdóttir, Heiðdís Austfjörð og Arney Ágústsdóttir
Keyrsla hljóðs og ljósa á sýningum	Ólafur Ingi Sigurðsson

HLJÓÐFÆRALEIKARAR OG UPPTÖKUR Á TÓNLIST

Elvar Smári Júlíusson	Upptökur og hljóðblöndun á tónlist
Sigurgeir Sigmundsson	Gítar
Halldór Lárusson	Trommur
Freysteinn Gíslason	Kontrabassi
Iðunn Einarsdóttir	Fiðla
Sævar Helgi Jóhannsson	Píanó

SÉRSTAKAR ÞAKKIR

Auglit
Árni F. Sigurðsson
Hertex
Lene Zacharíassen
Magni Ásgeirsson
Óskar Þór Kristinsson
Rauðakrossbúðin
Sveinbjörn Ólafsson
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

LAGALISTI

Útsetning | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Vilhjálmur B. Bragason (byggt á texta Matthíasar)

Söngur Útilegumannanna

Lag | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Vilhjálmur B. Bragason

Lárensíus laganna vörður

Lag | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Vilhjálmur B. Bragason

Söngur Ástu

Lag | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Vilhjálmur B. Bragason

Ástardúett Ástu og Haraldar

Lag | Sævar Helgi Jóhannsson
(byggt á Geng ég fram á gnípur)
Texti | Vilhjálmur B. Bragason

Verkalýðssöngur Ögmundar

Lag | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Matthías Jochumsson

Sultarbæn

Lag | Höfundur óþekktur
Útsetning | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Matthías Jochumsson

Margt býr í þokunni

Lag | Friedrich Kuhlau
Útsetning | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Matthías Jochumsson

Geng ég fram á gnípur

Lag | Friedrich Kuhlau
Útsetning | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Matthías Jochumsson

Gudduvísur

Lag | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Matthías Jochumsson

Söngur Skugga Sveins

Lag | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Matthías Jochumsson

Lárensíusarblús

Lag | Sævar Helgi Jóhannsson
Texti | Vilhjálmur B. Bragason

Blindni og hatur

Lag | Norskt þjóðlag

Páskatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Gloria
eftir Vivaldi

Fjölbreytt dagskrá hátíðlegra barokkverka

Antonio Vivaldi
Gloria RV 589

Antonio Lotti
Credo í F

Giuseppe Torelli
Trompetkonsert í D dúr

Einsöngvarar: Hildigunnur Einarsdóttir og Helena Guðlaug Bjarnadóttir

Einleikari á trompet: Vilhjálmur Ingi Sigurðarson

Kammerkórinn Hymnodia

Hljómsveitarstjóri: Eyþór Ingi Jónsson

14. apríl | 16:00 | Miðasala á MAk.is